

Umsögn menningar-, íþróttá- og tómsunduraráðs

Ungmennafélagið Fjölnir hefur haft aðstöðu á knattspyrnuvelli við Dalhús í Grafarvogi vegna leikja meistaraflokks í efstu og næstefstu deild undanfarin ár. Þrátt fyrir góða vallaraðstöðu er aðstaða fyrir áhorfendur á svæðinu mun lakari en áhorfendaaðstaða annarra félaga borgarinnar sem leika eða hafa leikið í efstu deild. Fyrir hefur legið um nokkurt skeið að völlumurinn uppfyllir ekki reglur vegna leikja í efstu deild samkvæmt leyfiskerfi KSÍ og hefur völlumurinn verið á undanþágu til keppni vegna aðstöðuleysis fyrir áhorfendur.

Erindi Fjölnis/Regins

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að skoðun á skipulagsþáttum og samningsgerð vegna vallar og áhorfendaaðstöðu við Egilshöll. Fjölnir og Reginn, eigandi íþróttamannvirkja við Egilshöll hafa nýverið kynnt hugmyndir að bættri aðstöðu sem felur í sér í meginatriðum að snúa núverandi gervigrasvelli við Egilshöll og byggja við völlum áhorfendaaðstöðu.

Áætlaður viðbótarleigukostnaður fyrir nýja stúku ásamt rekstri er um 21 m.kr. á ári. Borgin greiðir nú þegar leigu fyrir völlum en við myndi bætast leiga fyrir áhorfendaaðstöðuna, sem Reginn myndi eiga og reka. Til samanburðar má nefna að fyrir nokkrum árum var gert kostnaðarmat fyrir byggingu áhorfendaaðstöðu við Dalhús í Grafarvogi og nam hún á þeim tíma um 600 m. kr. Þess ber þó að geta að þar var um fleiri verkþætti að ræða en eingöngu áhorfendastúku.

Samanburður við áhorfendaaðstöðu í öðrum hverfum

Fjölnir er eitt af hverfisfélögum borgarinnar og gegnir gríðarlegar mikilvægu hlutverki fyrir íbúa og hverfisbrag. Borgin hefur styrkt stúkubyggingar á öðrum svæðum eða látið byggja og fjármagnað að fullu. Áhorfendaaðstaða hjá öðrum félögum í Bestu deild eins og hjá KR, Val, Víkingi, Fylki og Fram uppfyllir kröfur KSÍ og einnig aðstaða hjá Þrótti og Leikni, sem nú leika í næstefstu deild en hafa á undanförunum árum leikið í efstu deild um lengri eða skemmri tíma.

Forgangsröðun íþróttamannvirkja

Mikil vinna var lögð í forgangsröðun íþróttamannvirkja í Reykjavík á seinasta kjörtímabili. Verkefni sem fyrst og fremst sneru að aðstöðu fyrir áhorfendur voru tekin út fyrir sviga og ekki tekin með í umræddri forgangsröðun. Eðlilegt væri að skoða erindið frá Fjölni og Reginn í heildstæðu samhengi við aðrar hugmyndir um uppbyggingu áhorfendaaðstöðu og eftir atvikum forgangsráða slíkum verkefnum sérstaklega.

Menningar-, íþróttá- og tómsunduraráð telur mikilvægt að horft sé til þeirra þátta sem fram koma í kafla um aðstöðumál í samþykktari íþróttastefnu til ársins 2030 til að tryggja vandaða málsmeðferð og afgreiðslu. Þar er að finna eftirfarandi ákvæði:

S1 Skýr forgangsröðun í uppbyggingu mannvirkja

Mikill þrýstingur er á Reykjavíkurborg um uppbyggingu á aðstöðu fyrir íþróttafélög. Það fjármagn sem borgin hefur sett í slíka uppbyggingu er mun minna en eftirspurnin, því er mikilvægt að forgangsröðun sé skýr og gegnsæ og byggja á vel skilgreindu ákvörðunarferli.

S2 Algild hönnun og aðgengileg aðstaða

Tryggja þarf að við uppbyggingu íþróttamannvirkja og við endurgerð eða endurbætur þeirra sé hugmyndafræði algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi svo tryggt sé að aðgengi sé fyrir alla að mannvirkjunum. Hvort sem um er að ræða íþróttaiðkendur, áhorfendur eða aðra þátttakendur. Hugað verði að búningsaðstöðu fyrir kynsegin fólk í íþróttamannvirkjum.

S3 Staðsetning mannvirkja miðlæg í hverfi með greiðu aðgengi, staðsetning sérgreinaaðstöðu og afreksíþróttaaðstöðu nálægt samgöngutengingum

Í dag er búið að byggja mikið af íþróttamannvirkjum í hverfum Reykjavíkur. Sum hafa verið reist sem hluti að upphaflegu skipulagi hverfa á meðan öðrum hefur verið bætt inni hverfið eftir. Varðandi staðsetningu þeirra mannvirkja sem eftir eru að koma, þurfa að vera skýr viðmið og taka þarf tillit til þéttingu byggða og fjölgunar íbúa.

S4 Hagkvæmt rekstrarform mannvirkja

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða rekstrarform mannvirkja er heppilegast. Í dag byggir Reykjavíkurborg nær öll mannvirki og algengt er að íþróttafélögin sjái um reksturinn. Viðhald mannvirkja er mikilvægt. Nauðsynlegt er að greina og velja hagkvæmasta rekstrarfyrirkomulag mannvirkja með tilliti til bæði rekstrar og viðhalds.

S5 Samvinna við aðra um nýtingu mannvirkja

Æskilegt er að íþróttafélög vinni saman varðandi nýtingu sérhæfðra mannvirkja og að unnið verði með öðrum sveitarfélögum varðandi nýtingu mannvirkja.

[Heimild: https://reykjavik.is/sites/default/files/stefna_i_ithrottamalum.pdf, bls 19]

Fjárhagslegir hagsmunir borgarinnar

Meirihluti ráðsins leggur áherslu á að rýna þurfi til hlítar fjárhagslegar forsendur tillögunnar og heildaráhrifa hennar á borgarsjóð. Áhrifin felast fyrst og fremst í árlegu viðbótarframlagi til Egilshallar sem nemur tugum milljóna og ef tekið er mið af uppleggi Fjölnis og Regins gæti heildarframlag borgarinnar á samningstímanum numið á fimmta hundrað milljónum króna. Jafnframt þyrfti að rýna lóðamál og byggingarréttargjöld. Verkefnið hefði því í för með sér umtalsverð fjárhagsleg útgjöld borgarinnar á tíma þegar lítið svigrúm er til nýrra fjárhagslegra skuldbindinga.

Rekstrarform

Eins og fram kemur í fyrrnefndum kafla íþróttastefnu borgarinnar til 2030 um aðstöðumál er mikilvægt að greina til framtíðar hvaða fyrirkomulag á rekstri íþróttamannvirkja er hagkvæmast bæði með tilliti til rekstrar og viðhalds. Skynsamlegt er að setja slíka vinnu af stað með heildarhagsmuni borgarinnar og íþróttastarfs í borginni í huga.

Staðsetning og samhengi við samgöngustefnu

Meirihluti ráðsins bendir á að staðsetning fyrirhugaðs mannvirkis sé að mörgu leyti ákjósanleg þegar horft er til þeirra samgöngubóta sem fyrirhugaðar eru með Borgarlínunni en Egilshöllin er staðsett á svæði þar sem fyrirhugað er að Borgarlínan gangi í framtíðinni.

Samnýting mannvirkja

Í aðstöðukafli íþróttastefnu er sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að samnýta íþróttamannvirki sem kostur er. Eðlilegt er að kanna mismunandi leiðir í því sambandi og t.d. liggur beint við að kanna grundvöll fyrir samnýtingu íþróttafélaganna í Grafarvogi og Úlfarsárdal á þeirri glæsilegu aðstöðu sem reist hefur verið í Úlfarsárdal á félagssvæði Fram. Annar kostur væri að kanna áhuga nærliggjandi sveitarfélaga t.d. í Mosfellsbæ á samnýtingu fyrirhugaðs umræddrar íþróttaaðstöðu við Egilshöll ef til kæmi að hún yrði reist. Loks mætti skoða samnýtingu með annarri íþróttastarfsemi ef kæmi til uppbyggingar viðkomandi mannvirkis.